



7. fundur stjórnar Aftureldingar 16. ágúst 2012

Fundur settur kl. 18.15 að Varmá.

Mætt: Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir og Hekla Klemenzdóttir.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Fjármál BUR- Knattspyrnudeildar.
2. Auglýsingaskilti við Vesturlandsveg.
3. Í Túninu heima.
4. Stofnun styrktaraðila.
5. Samningaviðræður við Mosfellsbæ.

1. Fjármál BUR- knattspyrnudeildar

Farið var yfir fjármál knattspyrnudeildar-BUR. Í ágúst eru allir samningar lausir við þjálfara deildarinnar og þá þarf að endurnýja. Farið var yfir stöðun á Tungubakkamálinu, rekstarstyrkjum til deildarinnar, tekjur og gjöld deildarinnar það sem eftir er af árinu, skuld deildarinnar við aðalstjórn og frístundafjörið og fyrirkomulag þess fyrr og nú. Þessi mál verða skoðuð frekar og boðað verður til fundar með deildinni se fyrst.

2. Auglýsingaskiltið við Vesturlandsveg

Jóhann hefur verið í sambandi við Degsa síðustu daga vegna rekstra á auglýsingaskiltinu. Skiltið er bilað og það þarf að gera við það en óljóst er hver á að greiða þann kostnað. Ákveðið var að fara yfir málið á næsta aðalstjórnarfundum og mun Jóhann þá koma með alla samninga sem til eru um skiltið og rekstur þess.

3. Í túninu heima

Í síðustu viku var Jóhanni tjáð að ekkert verður í íþróttahúsinu í ár á bæjarhátíðinni og því verður Afturelding ekki með aðstöðu þar til að kynna æfingatöflu vetrarsins. Unnið hefur verið að tímatöflunni í allt sumar og er hún næstum tilbúin og verður kláruð í næstu viku. Ákveðið var að prenta eins og fyrra allar töflurnar í einnu blaði sem til að byrja með verður lagt fram í íþróttahúsinu.

4. Stofnun styrktaraðila

Rætt var um stofnun styrktaraðila Aftureldingar, hvernig best verði að því staðið, árgjald og framkvæmdina. Ákveðið að fela Halldóri að koma með hugmyndir að fyrirkomulagi og kynna það á næsta aðalstjórnarfundum.

6. Samningaviðræður við Mosfellsbæ

Rætt var um fyrirhugaðar samningaviðræður við Mosfellsbæ og hvernig best er að standa að þeim viðræðum. Ákveðið var að taka umræðu um þetta mál á næsta formannafundi.

Fundargerð ritaði Helga Jóhannesdóttir, varaformaður Aftureldingar.